



#### 4. Fundargerð Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi

19. mars 2024, kl 16:00. Mættir eru: Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Einar Víðir Einarsson og Hermína Hreiðarsdóttir.

Hermína Hreiðarsdóttir ritar fundargerð.

Notendaráð situr fund og námskeið sem Landssamtökin Þroskahjálp, Átak og Fjölmenn standa að í samstarfi við Stjórnarráð Íslandss.

Fundurinn er um notendaráð og mikilvægi þess að tala við fatlað fólk um málefni samfélagsins.

Fundaröðin heitir Sæti við borðið og byrjar á kynningu um saming Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnrétti fyrir allt fólk. Síðan er fjallað um mikilvægi þess að fatlað fólk fái tækifæri til að hafa áhrif á verkefni sveitarfélagsins. Næst á dagskrá er námskeið um notendaráð fyrir sveitarfélög og fatlað fólk sem hefur áhuga á að starfa í notendaráði og hugmyndavinna í framhaldi af því og í lokin eru niðurstöður kynntar og fundi slitið.

Fyrirhugað er að senda fræðslu með myndum um hlutverk notendaráða og verðum öllum sendur slíkur póstur sem voru á fræðslunni og einnig öllum sveitarfélögum.

Notendaráð fagnar því að fá fræðslu um hlutverk ráðsins og hvað hægt er að gera til að auka sýnileika þess, eins og oft hefur verið rætt um áður.

Átak félag fólks með þroskaröskun ætlar að stofna samtök á Akureyri, eru bara í Reykjavík núna. Þarf að kynna fyrir t.d. notendum Miðjunnar.

Fleira ekki gert og fundi lýkur kl. 18:10